

Síld og Fiskur ehf.
b.t. framkvæmdastjóra
Dalshrauni 9b
220 Hafnarfirði

Tegund skoðunar: Takmörkuð úttekt 12.12.2018

Staðsetning skoðunar: Dalshrauni 9b

Deild:

Eftirlitsmaður: [REDACTED]

Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:

[REDACTED]

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Takmörkuð úttekt vegna vinnuslyss sem [REDACTED]
[REDACTED] lenti í.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

Áður en tímafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Við skoðun kom í ljós að ekki var neyðarstöðvunarbúnaður á DICK hnifaslípivél.

Fyrirmæli

Notkun er bönnuð á DICK hnifaslípivél þar til á hana hefur verið settur neyðarstöðvunarbúnaður. Hafa skal samband við Vinnueftirlit að loknum úrbótum sem gefur heimild til vinnu á ný.

Lög & reglur:

367/2006: Reglugerð um notkun tækja

1005/2009: Reglugerð um vélar og tæknilegan búnað

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

Í 1. Viðauka reglugerðar nr 1005/2009 segir svo:

1.2.4.3. Neyðarstöðvun.

Vél skal hafa minnst einn neyðarstöðvunarbúnað til að unnt sé að afstýra ríkjandi eða yfirvofandi hættuástandi.

Þetta gildir þó ekki um: vél þar sem ekki er unnt að draga úr áhættu með neyðarstöðvunarbúnaði, annaðhvort vegna þess að hann myndi ekki stytta stöðvunartímann eða vegna þess að hann myndi koma í veg fyrir að unnt væri að gera sérstakar ráðstafanir til að ráða bót áhættuástandinu, hreyfanleg, vélknúin handverkfæri og handstýrðar vélar.

Athugasemd 2 - Verkstöðvar - líkamlegt álag/líkamsbeiting

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki er til staðar ásættanleg vinnuaðstaða við DICK hnifaslípunarvél til að undirbúa slípun á hnífum, heldur framkvæma starfsmenn þá vinnu á gólfinu. Hafa ber í huga að verið er að vinna með flugbeitta hnifa og mikilvægt er að aðstaða til að vinna með sé þá góð og örugg.

Fyrirmæli

Koma skal upp viðeigandi aðstöðu við DICK hnifaslípivél vél þannig að tryggt sé að starfsmönnum stafi ekki hættu af þeirri vinnu eða vinnuaðstöðu sem þeim er ætluð.

Veittur frestur:

15.12.2018

Lög & reglur:

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

367/2006: Reglugerð um notkun tækja

Athugasemd 3 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fyrirtækið hefur gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði en hún á meðal annars að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir.

Fyrirmæli

Endurmeta skal áhættumat með hliðsjón af því slysi sem varð. Skal áætlunin kynnt í kjölfarið öllum starfsmönnum fyrirtækisins og tryggt að henni verði framfylgt við dagleg störf.

Veittur frestur:

15.1.2019

Lög & reglur:

920/2006: Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

13/12/2018 [REDACTED]

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

**Andmælaréttur**

Samkvæmt 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við efvinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlauser úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.